

8. FEBRÚAR  
2024

HARPA  
ELDBORG

# Mendels- sohn og Beethoven

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverka.

---

#### Tímalengd verka

Sinfónía nr. 3 22'

Fiðlukonsert 27'

Entr'acte 11'

Sinfónía nr. 8 26'

#### Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Beethoven og Mendelssohn

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 8. FEBRÚAR KL. 19:30

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

**Ludovic Morlot**  
hljómsveitarstjóri

**Vadim Gluzman**  
einleikari

**Charles Ives**

Sinfónía nr. 3 (1910)  
Old Folks Gatherin' - Andante maestoso  
Children's Day - Allegro  
Communion - Largo

**Felix Mendelssohn**

Fiðlukonsert í e-moll (1845)  
Allegro molto appassionato  
Andante  
Allegretto ma non troppo - Allegro molto vivace

**Hlé**

**Caroline Shaw**

Entr'acte (2011 / 2014)

**Ludwig van Beethoven**

Sinfónía nr. 8 (1812)  
Allegro vivace e con brio  
Allegretto scherzando  
Tempo di menuetto  
Allegro vivace

For information in English about  
tonight's programme,  
please visit the Iceland  
Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Ludovic Morlot

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hljómsveitarstjórinn Ludovic Morlot hefur frá árinu 2022 gegnt stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Barcelona. Hann starfaði áður sem aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Seattle og er nú heiðursstjórnandi þeirrar hljómsveitar. Samstarf þeirra vakti heimsathygli, ekki síst ferskt og nýstárlegt verkefnaval Morlot en undir hans stjórn hlaut sveitin fimm Grammy-verðlaun auk þess sem tímaritið Gramophone valdi hana hljómsveit ársins 2018. Meðal þess sem hæst bar var frumflutningur á *Become Ocean* eftir John Luther Adams og flutningur á tónlist franska meistarans Henri Dutilleux. Á meðal annarra hljóðrita sem komið hafa út með hljómsveitinni undir stjórn Morlot má nefna plötur sem geyma hljómsveitartónlist Charles Ives, Olivier Messiaen, Luciano Berio, Marc-André Dalbavie og Elliot Carter.

Morlot hóf feril sinn sem fiðluleikari en hann nam síðan hljómsveitarstjórn við Konunglegu tónlistarakademiuna í Lundúnum þar sem hann naut meðal annars leiðsagnar Sir Colin Davis. Hann hefur notið mikillar velgengni sem hljómsveitarstjóri og stjórnað mörgum af fremstu hljómsveitum heims svo sem Fílharmóníusveitinni í New York, Berlínarfílharmóníunni, Concergebouw-hljómsveitinni, Budapest Festival Orchestra og Fílharmóníusveitinni í Lundúnum auk þess sem hann hefur komið fram í Asíu og Ástralíu. Morlot hefur stýrt tónleikum á tónlistarhátíðum svo sem á Proms-sumartónlistarhátíðinni, Wien Modern og í Aspen og stýrt konsertuppfærslum á óperum Wagners í óperunni í Seattle. Hann stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands nú í annað sinn en hann stjórnaði sveitinni áður á tónleikum í Háskólabíói, í maí 2009.



# Vadim Gluzman

## EINLEIKARI

Fiðluleikarinn Vadim Gluzman er tvímælalaust einn fremsti fiðluleikari samtímans. Hann hefur komið fram með Fílharmoníusveit Berlínar, sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og Lundúnum, og Concertgebouw-sveitinni í Amsterdam. Þá hefur hann komið fram á tónlistarháttíðunum í Lockenhaus, Ravinia, Tanglewood og Verbier við frábærar undirtektir.

Á nýliðnu tónleikaári kom Gluzman meðal annars fram með Cleveland-hljómsveitinni, Fílharmoníusveitinni í Bergen og NHK-hljómsveitinni í Tókýó. Hann minntist þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu fiðluleikarans Henryk Szeryng með tónleikum með NDR-Elbphilharmonie-hljómsveitinni og Þýsku útvarpsfílharmoníunni, en árið 1994 hlaut Gluzman verðlaun sem kennd eru við Szeryng. Á tónleikum sínum notar Gluzman boga úr safni Szeryngs, sem áður var í eigu fiðluleikarans og tónskáldsins Eugène Ysaÿe.

Gluzman hefur frumflutt fjölmörg verk á undanföllum árum, meðal annars eftir Leru Auerbach, Giya Kancheli og Sofiu Gubaidulinu, en hann er almennt talinn einn helsti flytjandi verksins Offertorium eftir Gubaidulinu á heimsvísu. Meðal viðurkenninga sem hann hefur hlotið fyrir hljóðritanir sínar má nefna Diapason d'Or-verðlaunin, auk þess sem diskar hans hafa verið valdir útgáfur mánaðarins hjá Gramophone, The Strad og BBC Music Magazine.

Gluzman fæddist í Úkraínu árið 1973 og hóf fiðlunám sjö ára gamall. Hann nam síðar við Juilliard-tónlistarháskólann í New York, meðal annars hjá hinum víðfræga kennara Dorothy DeLay. Hann leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1690 sem áður var í eigu Leopolds Auer og hann hefur í góðfúslegu láni frá Stradivari-félaginu í Chicago.



#### Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfónía nr. 3 eftir Charles Ives hljómar á tónleikum SÍ.

# Charles Ives

## SINFÓNÍA NR. 3 - THE CAMP MEETING

Charles Ives (1874 – 1954) samdi þriðju sinfóníu sína á árunum 1908 – 1910. Ives var kominn vel á fertugsaldurinn þegar þetta var og orðinn umsvifamikill viðskiptajöfur í New York. Árið 1907 stofnaði hann ásamt félagamönnum sínum líftryggingafyrirtæki sem malaði gull. Tónsmíðum sinnti Ives alfarið í frístundum og fyrir sístækkandi nótnastaflann í skrifborðsskúffunni. Það liðu áratugir þar til sérstæð tónlist hans tók að hljóma opinberlega. Þriðja sinfónían var ekki frumflutt fyrir en árið 1946, á tónleikum undir stjórn Lou Harrison en ári síðar hlaut Ives Pulitzer-verðlaunin fyrir verkið.

Minningar um tónlist skipa stóran þátt í hljóðheimi Charles Ives. Þar bregður fyrir glefsum úr dægurlögum og dans-tónlist, sálmum og lúðrasveitarmúsík sem hann kynntist sem ungur drengur heima í Connecticut. Mörgum sögum vindur fram samtímis úr þykkum hljómaklössum greinum við slitur úr kunnuglegum stefjum; ólíkum tón- og takttegundum er stefnt saman í eitt og til verður heillandi og marglaga hljómaveröld. Sjálfur fékk Charles Ives tilraunagleðina í arf frá föður sínum, lúðrasveitarstjóranum George Ives sem var þekktur fyrir uppátækjasemi á sviði tónlistarflutnings. Má þar nefna þegar hann skipti lúðrasveit upp í smærri hópa sem marsuðu og léku sitt hvort lagið - á sama tíma. Hljómar runnu saman og sundur svo til varð ófyrirsjáanlegur glundroði sem markaði djúp spor í vitund hins unga Charles.

Þriðja sinfónían er öllu ómþýðara verk en mörg af hljómveitarverkum Ives. Hún ber undirtitilinn *The Camp Meeting* sem vísar í fjölmenna guðspjónustu undir berum himni. Hér fléttast saman slitur úr þekktum amerískum sálmum. Í þremur þáttum eru dregnar upp brotakenndar og hrífandi myndir af þessari bernskuminningu tónskáldsins, þar sem hundruð sameinast í söng og öll með sínu lagi.





# Felix Mendelssohn

## FIÐLUKONSERT Í E-MOLL

Hinn undursamlegi fiðlukonsert Felix Mendelssohns (1809 – 1847) hljómaði fyrst á tónleikum Gewandhaus-hljómsveitarinnar í Leipzig í mars árið 1845. Einleikari var æskuvinnur Mendelssohns, Ferdinand David, sem hafði verið Mendelssohn innan handar við gerð verksins. Þótt Mendelssohn hafi kunnað eitt og annað fyrir sér á fiðlu hafði hann ekki sömu djúpu þekkingu á hljóðfærinu og David; útkoman er einn ljóðrænasti og fegursti fiðlukonsert sem um getur. Það er erfitt að gera sér í hugarlund þá nýbreytni sem fiðlukonsert Mendelssohns fól í sér, svo ástsælt og þekkt sem verkið hefur verið um langa hríð. Fersk tók Mendelssohns á konsertforminu eru þó ljós strax í upphafi þegar fiðlan er samstundis kynnt til sögunnar með björtu og angurværu stafi sem leikið er á skærasta streng hljóðfærisins, E-strenginn. Eldri tónskáld, svo sem Mozart og Beethoven, höfðu alla jafna lagt grunninn að innkomu einleikarans með hljómsveitinni sem kynnti aðalstefið til sögunnar áður en einleikari kvað sér hljóðs. Hér er hlutverkum snúið við og hlustendur strax hrifnir inn í hringiðuna miðja.

Líkt og í eldri einleikskonsertum státar fiðlukonsert Mendelssohns af einleikskadensu í fyrsta þætti – þar sem hljómsveitin dregur sig í hlé og eftirlætur sólistanum einum sviðið. Í stað þess að kadensan hljómi undir lok þáttarins líkt og hefðin bauð, þar sem einleikarinn stígur fram og sýnir allar sínar undraverðu listir í glæsilegri flugeldasýningu, er kadensan hér um miðbik þáttarins, undir lok úrvinnslukaflans og því algerlega samofin uppbyggingu verksins, ekki uppbrot eða jafnvel skrautsýning. Fleiri nýmæli mætti tína til í þessu undraverði verki sem var samið seint á allt of stuttri ævi Felix Mendelssohns en hann lést tveimur árum síðar, aðeins 38 ára gamall. Verkið býr yfir einstakri birtu og töfrum og fangar hlustandann frá fyrsta andartaki en þættirnir, þrjár talsins, eru ofnir saman í eina heild og leiknir án hlés á milli. Önnur nýlunda af hálfu meistara Mendelssohns.

### Tónlistin á Íslandi

Það var Ruth Hermanns sem lék einleik þegar Fiðlukonsert Mendelssohns hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands árið 1954. Síðan hafa fjölmargir fiðluleikarar stigið á svið með hljómsveitinni í þessu sígilda verki, má þar nefna Isaac Stern (1955), Itzhak Perlman (1978), Sif Tulinius (2002), Tasmin Little (2005), Helgu Þóru Björgvinsdóttur (2010), Midori (2014) og Judith Ingolfsson (2019).



# Caroline Shaw

## ENTR'ACTE

Caroline Shaw (1982) skaust skyndilega og býsna óvænt upp á tónlistarstjörnuhimininn árið 2013 en þá hlaut hún Pulitzer-verðlaunin í tónlist fyrir verk sitt *Partita fyrir átta raddir*. Hún stóð á þritugu og var þar með yngsti handhafi þessara virtu verðlauna sem hafa fallið í skaut mörgum af eftirsóttustu tónskáldum Bandaríkjanna.

### Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem tónlist eftir Caroline Shaw hljómar á tónleikum hjá SÍ. Tónlist hennar hefur verið flutt hérlendis af öðrum tónlistarhópum og má þar nefna að Entr'acte hljómaði í fyrsta sinn hérlendis í flutningi Strokkvartettsins Sigga, á tónleikum í Salnum árið 2021.

Caroline Shaw nam fiðluleik og tónsmíðar við Rice University, Princeton og Yale en þaðan lauk hún doktorsprófi. Samhliða tónsmíðum starfar hún sem fiðluleikari og söngkona. Á meðal tónlistarfólks og hópa sem frumflutt hafa verk hennar má nefna Renée Fleming, slagverkshópin So Percussion og sellóleikarann Yo-Yo Ma.

Entr'acte (millispil) er upphaflega strengjakvartett, frumfluttur árið 2011 en strengjasveitarútgáfa hans leit dagsins ljós 2014. Kveikjan að baki þessu undurfagra verki er að sögn tónskáldsins snögg umbreyting í tónlist. Augnablik í strengjakvartett eftir Haydn þar sem gáskafullur menúett vikur fyrir tregafullu tríói. Umskiptin eru skyndileg, líkt og þegar Lísu stígur inn í spegilinn og annarlega veröldina sem bíður fyrir handan.

Verkið hefst með andvarpi. Stef samsett af þremur jafnstuttum nótum og einni lengri; hljóðlát, hikandi og draumkennt, nánast eins og ómur úr handanheimi. Hljóðheimurinn kunnuglegur en framandi í senn, líkt og margar aldir renni saman, myndi núning og spennu sem leitar brátt upp á yfirborðið. Ómblíður verða að áköfum ómstríðum, leitandi stef leysast upp í hvískur og blástur, bank og hvelli. Um miðbik verksins hverfum við í inn í aðra veröld. Yfir stöðugu plokki heyrum við fálmkennda tóna í fiðlu og sellói, hljómagang víolu sem verður stöðugt hamslausari þar til hinn hljóðláti og ofurviðkvæmi handanheimur umlykur okkur á ný. Verkið fjarar smátt og smátt út; undir lokin hljómar fingert og íhugult plokk í sellói, líkt og slitur úr gömlu stafi.





# Ludwig van Beethoven

## SINFÓNÍA NR. 8

Ludwig van Beethoven (1770 – 1827) samdi áttundu sínfóníu sína að sumarlagi 1812 en hann hafði þá nýlokið við sjöundu sínfóníuna sína. Verkin tvö voru frumflutt með nokkurra vikna millibili í Vínarborg, sjöunda sínfónían í desember 1813 og sú áttunda í febrúar 1814. Sínfóniurnar tvær nánast eins og svart og hvítt að yfirbragði og inntaki, sjöunda sínfónían dramatísk, löng og kröfuhörð á meðan sú áttunda er stutt, gáskafull og stríðnisleg. Viðtökurnar voru eftir því ólíkar; sjöunda sínfónían sló rækilega í gegn strax við frumflutninginn á meðan viðbrögð við þeirri áttundu voru moðvolg, ef ekki blendin. „Hvers vegna er áttunda sínfónía þín svona miklu óvinsælli en sú sjöunda?“ á Carl Czerny að hafa spurt kennara sinn sem svaraði: „Vegna þess að sú áttunda er svo miklu betra verk“.

Áttunda sínfónían er stysta sínfónía Beethovens að þeirri fyrstu undanskilinni. Hún tekur innan við hálf tíma í flutningi og sver sig að því leyti í ætt við klassískar sínfóníur Mozarts og Haydns. Að einhverju leyti má kannski segja að í áttundu sínfóníunni megi greina afturhvarf til klassíska tímabilsins með léttleika sínum og þokka en jafnframt heldur Beethoven áfram að kanna og þenja út hið sínfóníska form, undir formerkjum gáskans.

Verkið hefst með hvelli og þeytir okkur inn í atburðarásina miðja. Þróttmikið stef er kynnt til sögunnar af fiðlum, þátturinn er fullur af sprengikrafti, áherslum á óvæntum stöðum, skyndilegum þögnum og tóntegundaskiptum sem koma okkur í opna skjöldu. Annar þátturinn er ekki hægur, tregafullur og alvarlegur líkt og í öðrum sínfóníum Beethovens heldur þvert á móti stuttur og stríðnislegur og gæti sómt sér vel í góðri gamanóperu. Undir léttstígu strengjastefi hljómar hárnákvæmur klukkusláttur tréblásaranna; sláttur sem vikur fyrir óvæntum uppbrotum þáttinn á enda. Þriðji þátturinn er ekki scherzo líkt og í eldri sínfóníum Beethovens heldur tígulegur menúett

### Tónlistin á Íslandi

Áttunda sínfónía Beethovens hljómaði fyrst í flutningi Sí í Austurbæjarbíói 1954 undir stjórn Olavs Kielland. Síðan hafa m.a. stjórnað sínfóníunni þeir Václav Smétacek (1958), Vladimír Ashkenazy (1972), Thomas Sanderling (1986) og Michał Dworzynski (2008). Síðast hljómaði hún í Eldborg í september 2015 undir stjórn Matthew Halls.

og angurvært tríó og verkið nær svo hápunkti sínum í þeirri tryllingslegu þeysireið sem síðasti kaflinn býður upp á; stútfullur af eltingaleikjum, hrynbrellum og sífelldu tóntegundaflakki. Verkinu lýkur með með hvellum lokahljómunum sem eru endurteknir aftur og aftur og enn aftur líkt og í tónverki sem tekur sig allt of hátíðlega. Viðeigandi lokahnykkur á þessari sérviskulegu og bráðskemmtilegu sínfóníu sem hinn þungbrýndi Beethoven mat svo mikils fyrir margt löngu.

*Elísabet Indra Ragnarsdóttir*

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Joanna Bauer  
Andrzej Kleina  
Pálína Árnadóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir  
Geirprúður Ása  
Guðjónsdóttir Skelton  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir

## 2. fiöla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Greta Guðnadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Þórdís Stross  
Dóra Björgvinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Justyna Bidler  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þorfiris  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Urh Mrak  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Guðný Jónasdóttir

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Jacek Karwan  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn

## Flauta

Astrid Bjelland  
Áshildur Haraldsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Maximilian Riefellner

## Trompet

Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson

## Pákur

Frank Aarnink

## Slagverk

Frank Aarnink

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskrágerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigbór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tæknimaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS